

**Fundargerð** 5. mars 2015

**Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.00**

Málsnúmer: 1401008

**Mættir:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnnema, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnnema, Lilja Guðrún Guðmundsdóttir varafultrúi meistaraneina og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð.

Áheyrnarfulltrúar: Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi Íbúaráðs, Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Þorvaldur Jónsson fjármálastjóri

**Fjarverandi:** Hallur Jónasson fulltrúi meistaraneina og Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara.

**Dagskrá**

1. **Fundargerð 159. fundar.** Samþykkt

2. **Gæðamál**

Gæðastjóri dreifir útprentaðri sjálfsmatskýrslu skólans og skýrslum fagsviða. Rektor kynnir að samráðs- og kynningarfundur með nemendum verði að öllum líkindum þriðjudaginn 17. mars nk. kl. 17.00. Gæðastjóri segir frá aðdraganda að útgáfu skýrslanna, sem styðja allar hver aðra. Hann fer yfir helstu kafla skýrslunnar og nokkur efnisatriði. Hann fer einnig stuttlega yfir skýrslur fagsviða. Gæðastjóri fer yfir drög að dagskrá heimsóknar úttektarteymisins dagana 24. – 26. mars nk. Fundur úttektarteymisins með háskólaráði er ráðgerður með háskólaráði 25. mars kl. 11.45 – 12.15.

3. **Sóknarsvið 2015**

Verið að kynna nýjar línur í náminu og hefur það gengið ágætlega. Háskóladagurinn gekk vel, kynning verður föstudaginn 6. mars á Hverfisgötu kl. 16.00 – 18.00. Kynningar eru í gangi í framhaldsskólum. Öflugt markaðsstarf er í gangi og er rektor bjartsýnn, við erum með góða vöru. Verið að vinna að eflingu Símenntunar, það tekur sinn tíma. Von er á stórum viðskiptavin af svæðinu. Nýr starfshópur á vegum innanríkisráðuneytis er farinn af stað um lögreglunámið. Alþjóðlegi sumarskólinn er kominn á heimasíðuna, hann verður í boði sumarið 2016. Verið er að ræða við Samkaup vegna samrekstrar verslunar og hótels, niðurstaða liggur ekki fyrir. Gæti gerst í vor.

4. **Langtímahorfur í rekstri**

Fjármálastjóri fer yfir rekstartölur frá 2008 –og spá til 2019.

**5. Háskólagátt – þróun**

Forstöðumaður Háskólagáttar hefur unnið að endurskoðun á samsetningu og skipulagi námsins í Háskólagáttinni, sem rektor kynnur. Námið á að verða 62 – 77 fein, þannig að nemendur geti útskrifast með jafngildi stúdentsprófs sem gildi inni aðra háskóla. Hægt er að fá starfsreynslu metna, en hvert tilfalli er skoðað. Lykilatriði er að sá sem sækir um fái jákvæð viðrbögð. Rektor telur að hér hafi verið unnið afar gott verk í þróun Háskólagáttarinnar og endurskoðun námsins. Ráðið tekur undir það.

**6. Öflun nemenda fyrir haustönn 2015**

Rektor er tiltölulega sáttur við öflun nemenda fyrir yfirstandandi skólaár. Bæta þarf úr fyrstu viðbrögðum við umsækjendur. Svo virðist sem nýjar námslínur fá góðar viðtökur, fyrst í stað a.m.k. Það verður öflugt markaðsstarf vegna öflunar nýrra nemenda fyrir næsta skólaár. Rætt um hvað getur helst hvatt umsækjendur til að koma í staðnám fremur en fjarnám. Mikilvægt að íbúaráðið myndi leggjast á eitt með skólayfirvöldum við að efla t.d. tómskundastarf fyrir börn á staðnum.

**7. Sprotafyrirtæki á Bifröst**

Rektor kynnur að búið er að koma á laggirnar, bókhalds- og ráðgjafafyrirtæki. Undirbúningur í gangi vegna fyrirtækis á sviði ferðapjónustu. Áhersla er nú á þessi tvö fyrirtæki. Þriðja hugmyndin er um netverslunarfyrirtæki.

**8. Könnun meðal kennara**

Aðstoðarrektor kynnur niðurstöður könnunar meðal kennara um lotukerfið og lotukennslu sem kenndu við skólann á haustönn 2014. Könnunin gerð var í nóvember 2014. Sambærileg könnun verður gerð í næstu viku.

**9. Könnun meðal nemenda**

Aðstoðarrektor kynnur niðurstöður könnunar meðal nemenda skólans um lotukerfið og lotukennslu sem var gerð í nóvember 2014. Sambærileg könnun verður gerð í næstu viku.

**10. Nýtt kennslumat, lotu 1 vorönn 2015**

Verkefnastjóri kennslu Emma Björg Eyjólfsdóttir kynnur samantekt úr kennslumati úr lotu 1. Það kom vel út og þátttaka nemenda var góð.

**11. Dagskrá skólaársins 2015 - 2016**

Kennslustjóri kynnur lokadrög að dagskrá skólaársins 2015 – 2016, sem verða birt á næstu dögum.

**12. Samrekstur háskóla**

Rektor kynnur að nefnd ráðherra um samrekstur háskóla hafi hafið störf. Hann er fulltrúi Háskólans á Bifröst í nefndinni. Fyrsti fundur hefur ekki verið boðaður. Tveir alþingismenn eru sameignlega formenn nefndarinnar.

**13. Önnur mál**

Jóhannes minnir á ábendingu um að nemendur eigi að fá sömu svör, ef þeir senda inn spurningu til kennara í námskeiði, ef spurningin snýr að námsefninu er almennt um námskeiðið og er til útskýringar. Kennslusvið beðið að ítreka þetta vinnulag við kennara.

Fundi slitið kl. 17.30

Samþykkt á fundi 9. apríl 2015.